# Hagsmunaskráning ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra

*– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 8. maí 2018*

| | |
|---|---|
| **Nafn** | Sturla Sigurjónsson |
| **Starfsheiti** | Ráðuneytisstjóri |
| **Dagsetning** | 18. maí 2018 |

**Upplýsingar á eyðublaði þessu taka til tímabilsins frá 1. janúar 2018 og til þess dags þegar því er skilað til forsætisráðuneytisins. Nýjar upplýsingar skulu tilkynntar forsætisráðuneytinu innan mánaðar eftir að þær liggja fyrir. Forsætisráðuneytið veitir leiðbeiningar um framkvæmd skráningar og hvort fyrir hendi kunni að vera hagsmunaárekstrar sem kalli á aðgerðir.**

## 1. Launuð starfsemi : Engin

**a. Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum. Staða og félag tilgreind.**

**b. Launað starf eða verkefni (annað en starf í ráðuneyti). Starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa tilgreind.**

**c. Starfsemi sem er rekin samhliða starfi í ráðuneyti og er tekjumyndandi fyrir starfsmann eða félag sem hann/hún á sjálf(ur) eða er meðeigandi í. Tegund starfsemi tilgreind.**

## 2. Fjárhagslegur stuðningur, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skuldar : Engar

**a. Fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnunar að verðmæti meira en 50 þús. kr. sem ætla má að sé veittur vegna starfs í ráðuneyti. Tilgreint hver veitir stuðninginn og hvers eðlis hann er.**

**b. Gjöf frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum þegar áætla verður verðmæti hennar yfir 50 þús. kr. og að gjöfin sé veitt út af starfi í ráðuneyti. Tilgreining á nafni þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers kyns hún er og hvenær hún er látin í té.**

**c. Ferðir og heimsóknir innan lands og utan sem geta tengst starfi í ráðuneyti og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af ríkissjóði eða starfsmanninum sjálfum. Tilgreining á hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar og heiti áfangastaða.**

**d. Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum samnings við lánardrottin. Tilgreining á lánardrottni og eðli samningsins.**

## 3. Eignir : Engar

**a. Fasteign, sem er að einum þriðja eða meira í eigu starfsmanns eða félags sem hann/hún á fjórðungshlut í eða meira, annað en húsnæði til eigin nota fyrir starfsmann og fjölskyldu hans/hennar og lóðarréttindi undir slíkt húsnæði. Tilgreining á heiti landareignar og staðsetningu fasteignar.**

**b. Heiti félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sem starfsmaður á hlut í og fer yfir einhver eftirtalinna viðmiða:**

- **i. Verðmæti hlutar nemur að markaðsvirði meira en 1 milljón kr. miðað við 31. desember ár hvert.**
- **ii. Hlutur nemur 1% eða meira í félagi, sparisjóði eða sjálfseignarstofnun þar sem eignir í árslok eru 230 milljónir kr. eða meira eða rekstrartekjur 460 milljónir kr. eða meira.**
- **iii. Hlutur nemur 25% eða meira af hlutafé eða stofnfé félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar.**

| 4. Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda : Ekkert |
|---|
| **Eftirtaldir þættir tilgreindir, þó án fjárhæðar eða verðgildis:**<br>**a. Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan gegnt er núverandi starfi í ráðuneyti. Tilgreining á gerð samkomulags og nafni vinnuveitanda.**<br>**b. Samkomulag við framtíðarvinnuveitanda um ráðningu, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að starfsmaður lætur af núverandi starfi í ráðuneyti. Tilgreining á gerð samkomulags og nafni vinnuveitanda.** |
| **5. Trúnaðarstörf utan ráðuneytis : Engin** |
| **Upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög óháð því hvort þessi störf eru launuð eða ekki. Tilgreining á nafni félags, hagsmunasamtaka, stofnunar eða sveitarfélags og eðli trúnaðarstarfs.** |